



# Námskrá

Vor 2013



## Ágætu Eyfirðingar,

Nú er enn ein vorönnin að fara af stað og úrval sí- og endurmenntunarmöguleika slíkt að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Eitt af markmiðum SÍMEY er að gefa íbúum á svæðinu sem besta yfirsýn yfir þá símenntun sem þar er í boði og er þessi námskrá liður í að ná því markmiði.

Upplýsingar um námskeiðin má finna á heimasíðu SÍMEY [www.simey.is](http://www.simey.is)

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar sem á kunna að verða og að næg þátttaka náist. Flest námskeiðanna miðast við 8 manna lágmarkspátttöku og 15-20 manna hámarkspátttöku.

Verð á námskeiðunum kemur fram í hverri námskeiðslýsingu og gert er ráð fyrir að námskeiðsgjaldið sé greitt í fyrsta tíma nema annað sé tekið fram.

### Náms- og starfsráðgjöf

Fyrir þá sem hafa áhuga á að efla sig með frekara námi, en eru kannski ekki vissir um hvar sé best að byrja bendum við á þjónustu náms- og starfsráðgjafa miðstöðvarinnar en allir geta pantað viðtal sér að kostnaðarlausu og fengið aðstoð við að fóta sig og ákveða næstu skref.

*Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að veita fólki á öllum aldri upplýsingar um nám og störf og aðstoða við að finna nám, sí- og endurmenntun og starfsvettvang við hæfi. Aðstoð við að meta stöðuna, áhuga og hæfni og gera heildstæða áætlun um mögulegar leiðir. Góð hvatning sem getur haft úrslitaáhrif þegar tekist er á við ný verkefni.*

### Fyrir atvinnuleitendur

Vinnumálastofnun er heimilt að styrkja atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins vegna þátttöku hans í starfstengdu námi eða námskeiði sem viðurkennt er sem vinnumarkaðsúrræði, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Styrkurinn skal að hámarki nema 50% af námskeiðsgjaldi en þó aldrei hærra en 70.000 kr. á önn eða á hverjum þrettán vikum.

Skilyrði fyrir veitingu styrks skv. 1. mgr. er að hið starfstengda nám eða námskeið komi til með að nýtast atvinnuleitandanum beint við atvinnuleit að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar og til þess fallið að skila honum árangri við að finna sér starf.



Með bestu kveðjum og von um kröftuga þátttöku í símenntun,  
**Erla Björg Guðmundsdóttir**, framkvæmdastjóri SÍMEY

**PS: Ekki gleyma að kanna möguleikana á styrkjum hjá stéttarfélagum ykkar og starfsmenntasjóðum!**

## Menntastoðir – dagnám 1 önn – dreifnám 2 – 3 annir

Menntastoðir er námsleið sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 48 eininga. Tilgangur með Menntastoðum er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og að auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu.

Námið er ætlað fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára og með stutta formlega skólagöngu. Nemendur þurfa ekki að hafa lokið neinum einingum úr framhaldsskóla til að komast inn í Menntastoðir. Nemendur sem eru 25 ára og eldri, ljúka námi og hafa 3ja ára starfsreynslu geta sótt um í Háskólabróú Keilis að námi loknu.

Námsgreinar sem kenndar eru í náminu eru sjálfs-efling, enska, íslenska, stærðfræði, tölvur og danska.

**Verð: 123.000 kr.**

## Grunnmenntaskóli – dagnám 1 önn

Grunnmenntaskólinn er nám þar sem tekinn er fyrir og kenndur grunnurinn úr framhaldsskóla. Markhópurinn er allir með stutta formlega skólagöngu og/eða þeir sem vilja hefja nám að nýju.

Meðal kennslugreina eru íslenska, enska, stærðfræði, tölvur, vinnustaðanám, upplýsingatækni, námstækni o.fl. Námið má meta til 24 eininga á framhaldsskólastigi. Í náminu er lögð áhersla á að þátttakendur læri námstækni, eflist sem námsmenn og auki þar með sjálfstraust sitt.

**Verð: 56.000 kr.**

## Skrifstofuskólinn – dagnám

Skrifstofuskólinn er 240 kennslustunda námsleið frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Skrifstofuskólann má meta til styttingar náms í framhaldsskóla um allt að 18 einingar. Námið er ætlað fólki sem er eldra en 20 ára, sem hefur áhuga á að starfa við almenn skrifstofustörf. Markmið Skrifstofuskólans er að auka sjálfstraust þátttakenda til að takast á við almenn skrifstofustörf og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms.

Helstu námsþættir eru: Námstækni, sjálfsstyrking og samskipti, tölvu- og upplýsingaleikni, verslunar- reikningur og bókhald, þjónusta, enska og færnimöppugerð.

**Verð: 44.000 kr.**

## Opin smiðja – Í tröllahöndum

SÍMEY býður upp á námskeið í handverkssmiðju í Dalvíkur- og Fjallabyggð og eftirfarandi námsþættir verða kenndir: Hvernig á að hugsa handverk?, hvernig nýti ég náttúruna í handverksvinnu og ferðaþjónustu?, sérstaða sveitarfélaganna, markaðssetning á vörum, kynning á handverki, vöruþróun, aukið samstarf og samræða aðila á svæðinu sem sinna handverki og ferðaþjónustu. Námskeiðið er byggt upp á fyrirlestrarformi, verklegri vinnu, vettvangsheimsóknunum en auk þessa þurfa þátttakendur að halda verkdagbók á meðan á námskeiði stendur.

Námskeiðið er 80 klst., kennt seinniparta og um helgar.

Námskeiðið hefst er næg þátttaka fæst.

**Verð: 22.000 kr.**

## Aftur í nám - lesblinduleiðrétting

Aftur í nám er 95 kennslustunda námsleið þar sem megináhersla er lögð á lestrar- og námsfærni námsmanna. Markmiðið er að auka hæfni þeirra til starfs og náms og stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms.

Tilgangur námsins er að styrkja sjálfstraust námsmanna, búa þá undir frekari þjálfun eftir að námskeiðinu lýkur og þjálfna þá í lestri og skrift með aðferðum Ron Davis.

Námsþættir eru sjálfstyrking, Davis þjálfun, íslenska og tölvur.

**Verð: 66.000 kr.**

## Íslenska fyrir útlendinga

SÍMEY býður upp á fjölbreytt námskeið í íslensku fyrir útlendinga á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð. Um er að ræða byrjendanámskeið ásamt nokkrum stigum af framhaldsnámskeiðum. SÍMEY býður einnig upp á starfstengda íslensku fyrir erlent starfsfólk fyrirtækja.

**Frekari upplýsingar;**  
[www.simey.is](http://www.simey.is), [kristin@simey.is](mailto:kristin@simey.is) eða í síma 460-5720

## Icelandic for foreigners

SÍMEY offers a wide range of Icelandic courses for foreigners in Akureyri, Dalvík and in Fjallabyggð. At both beginners level and several at advanced levels. In addition SÍMEY also offers job related Icelandic courses for foreign employees of local companies. Note: Most unions offer refund (partly) on the course fee upon proof of payment and a diploma.

**Further information;**  
[www.simey.is](http://www.simey.is), [kristin@simey.is](mailto:kristin@simey.is) or call 460-5720

## Talnámskeið í ensku fyrir karla

Langar þig einfaldlega að bæta enskukunnáttu þína? Skelltu þér á enskunámskeið með körlum, sem eru í sömu sporum. Í lok námskeiðs hefur þú aukið sjálfstraust til samskipta á ensku. Lögð er áhersla á að þjálfna ensku sem talað mál. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra ensku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður. Skipt er í litla hópa eftir getu hvers og eins.

**Lengd:** 16 klukkustundir 8 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Að þátttakendur öðlist sjálfstraust til að tala ensku

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Margrét Reynisdóttir B.ed. hefur margra ára reynslu í enskukennslu

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagar frá 31. jan. – 21. mars.  
kl. 20:00 – 22:00

**Verð: 29.500 kr.**

Margrét gefur nánari upplýsingar um námskeiðið í síma 894-9881 eða í [morehf@gmail.com](mailto:morehf@gmail.com)

## Talnámskeið í ensku fyrir konur

Langar þig einfaldlega að bæta enskukunnáttu þína? Ert þú feimin að tala ensku fyrir framan aðra? Skelltu þér á enskunámskeið með konum, sem eru í sömu sporum. Í lok námskeiðs hefur þú aukið sjálfstraust til samskipta á ensku. Lögð er áhersla á að þjálfna ensku sem talað mál. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra ensku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður. Skipt er í litla hópa eftir getu hvers og eins.

**Lengd:** 16 klukkustundir 8 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Að þátttakendur öðlist sjálfstraust til að tala ensku

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Margrét Reynisdóttir B.ed. Hefur margra ára reynslu í enskukennslu.

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagar 5. feb. – 26. mars kl. 17:30 -19:30

**Verð:** 29.500 kr.

Margrét gefur nánari upplýsingar um námskeiðið í síma 894-9881 eða í [morehf@gmail.com](mailto:morehf@gmail.com)

## Námskeið í dönsku fyrir fullorðna - framhaldsnámskeið

Námskeiðið er ætlað þeim sem kunna eitthvað fyrir sér í dönsku en hafa löngun til að efla orðaforðann og auka færni. Stuðst verður við námsgögn sem kennari útvegar, s.s. smásögur, blaðagreinar og söngtexta. Málefni líðandi stundar verða rædd og geta nemendur haft áhrif á val á námsefni. Stutt verkefni með vísan í málfræðireglur verða í boði.

**Lengd:** 16 klukkustundir 8 skipti

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf kennara

**Kennari:** Alice Emma Zackrisson, M.Ed. Alice Emma er fædd og uppalin í Danmörku, er framhaldsskólakennari að mennt og hefur verið búsett á Akureyri síðan 1973.

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Miðvikudagar 6. feb. - 27. mars kl. 19:00 -21:00

**Verð:** 26.000 kr.

## Námskeið í dönsku fyrir 9-13 ára börn

Námskeiðið er hugsað sem kynningarnámskeið fyrir börn áður en grunnskólinn tekur við með dönskukennslu. Markmið kennslunnar er að efla áhuga barnanna á dönsku. Stuðst verður við námsgögn sem kennari útvegar. Á námskeiðinu verður lesið, talað, hlustað og leikið.

**Lengd:** 16 klukkustundir 8 skipti

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf kennara

**Kennari:** Alice Emma Zackrisson, M.Ed. Alice Emma er fædd og uppalin í Danmörku, er framhaldsskólakennari að mennt og hefur verið búsett á Akureyri síðan 1973

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagar 5. feb. - 26. mars kl. 19:00 -21:00

**Verð:** 26.000 kr.

## Námskeið í dönsku fyrir framhaldsskólanemendur

Námskeiðið er hugsað sem stuðningur fyrir framhaldsskólanema sem taka þurfa próf í DAN102 eða DAN202 í vor. Kennslan tekur mið af þörfum einstaklingsins og geta nemendur haft áhrif á val á námsefni. Stutt verkefni með vísan í málfræðireglur verða lögð fyrir.

**Lengd:** 16 klukkustundir 8 skipti

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf kennara

**Kennari:** Alice Emma Zackrisson, M.Ed. Alice Emma er fædd og uppalin í Danmörku, er framhaldsskólakennari að mennt og hefur verið búsett á Akureyri síðan 1973

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagar 7. feb. - 28. mars kl. 19:00 -21:00

**Verð:** 26.000 kr.

## Að tjá sig án kvíða

Grunnnámskeið fyrir þá sem eiga erfitt með að tjá hugsanir sínar og skoðanir. Kallað er eftir almennri þátttöku í skoðanaskiptum í æ ríkara mæli og því er það mikilvægt fyrir fólk að hafa kjark og þor til að standa upp og segja hug sinn. Þetta námskeið getur hjálpað til við að yfirstíga þann hjalla.

Einnig er námskeiðið góð leið fyrir þá sem vilja bæta framsögn sína og tjáningu.

Á námskeiðinu verður farið í raddbeitingu, framsögn og líkamstjáningu, mikilvægi öndunar o.fl. Með auknu öryggi minnkar kvíði og stress. Byrjað er á að vinna með öllum hópnum, en síðan er honum skipt upp í minni einingar.

**Lengd:** 10 klukkustundir 4 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Æfa tjáningu og framsögn. Ná tökum á kvíða og stressi. Læra að halda athygli áheyrenda. Fá meira öryggi í framkomu og málflutningi

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Saga Jónsdóttir leikkona

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagar og fimmtudagar 19. - 28. feb. kl. 17:00 – 19:30

**Verð:** 18.000 kr.

## Að verða betri stjórnandi

Námskeið þetta er í tveimur hlutum, annars vegar um mannauðsstjórnun og mannaforráð og hins vegar um stjórnendahlutverkið, hvernig við getum orðið betri í því og haft meira gaman af því, eða fengið meira út úr því sem manneskjur. Námskeiðið er nokkuð yfirgripsmikið og því verður ekki hægt að fara mjög djúpt í alla þættina. Fjallað verður um mannauðsstjórnun og mannaforráðin, ráðningar, nýliðamóttaka og nýliðaþjálfun, starfsmannasamtöl, frammistöðumat, starfsþróun, áminningar og uppsagnarferli, stjórnendahlutverkið og leiðtogahæfni, tímastjórnun eða orkustjórnun, greining á því í hvað tími okkar er að fara, hvernig getum við haft meiri orku í starfinu, verkefnalistinn, hvað á að vera á honum og hvað ekki, að taka erfiðar ákvarðanir. Námskeiðið er blanda af innlögn frá kennara og verkefnavinnu.

Frh.

## Að verða betri stjórnandi frh.

**Lengd:** 6 klukkustundir

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Herdís Pála Pálsdóttir

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** 28. feb. kl. 10:00 – 16:00

**Verð:** 24.000 kr.

## Réttindanámskeið EFI – 2 málproskaskimun

Námskeiðið er ætlað leikskólakennurum, þroskaþjálfum og öðrum sem sinna/halda utan um sérkennslu í leikskólum

Notagildi EFI–2 málproskaskimunarinnar felst fyrst og fremst í því:

- að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik. Ennfremur að vísa börnum sem þurfa, áfram í nánari athugun og viðeigandi úrræði.
- að gefa foreldrum hugmynd um hvernig málþroski barnsins er miðað við jafnaldra og veita þeim og öðrum fullorðnum í umhverfi barnsins ráðgjöf og leiðbeiningar.
- að fá foreldra í samstarf til að styrkja málþroska barnsins.

**Lengd:** 4 klukkustundir

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Elmar Þórðarson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** 15. mars kl. 13:00 – 17:00

**Verð:** 8.500 kr.

## Hugkort: Gerð og notkun þeirra

Hugkort (e. Mindmap) er aðferð sem nýst hefur vel sem glósutækni, í þankahríðarvinnu og við skipulagningu ýmiskonar. Hugkort er myndræn framsetning hugmynda sem auðveldar fólki að muna það sem verið er að tala um og tengja saman mismunandi atriði. Hugkort er skapandi aðferð við að koma skipulagi á hugsanir sínar. Á námskeiðinu verður farið í grunnatriði við gerð hugkorta. Hvernig nota má hugkort við skipulagsvinnu, ritgerða- eða textasmíði, hugmyndavinnu o.fl. Einnig verða kynnt til sögunnar hugkortaforrit þar sem hægt er að hengja við skjöl, tengla, myndir o.s.frv. Einnig munu þátttakendur læra að setja saman fyrirlestra og kynningar með hugkortum.

**Lengd:** 6 klukkustundir, 2 skipti

**Forkröfur náms:** Engar en það er kostur ef þátttakendur hafa með sér eigin fartölvur

**Námsmarkmið:** Að þátttakendur tileinki sér hugkortagerð og kynnist forritum eins og Xmind og Prezi

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Þ Svavarsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Mánudagur og fimmtudagur 11. feb. og 14. feb. kl. 19:00-22:00

**Verð: 13.000 kr.**

## Með fordóma! Ég ?

Um er að ræða fyrirlestur þar sem dregin er upp skýring á staðalímyndum og fordómum. Leitast er við að svara spurningum eins og: Hvað eru staðalímyndir?, hver er rót staðalímynda?, hvernig birtast þær og hvenær erum við komin með fordóma? Reynt verður að varpa ljósi á ólíkar tegundir staðalímynda og fordóma og hvað er hægt að gera til að minnka áhrif fordóma okkar og staðalímynda á það hvernig við dæmum og bregðumst við einstaklingum.

**Lengd:** 6 klukkustundir, 2 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Að þátttakendur geri sér grein fyrir eigin fordómum og verði meðvitaðir um hvernig þeir eiga að bregðast við þeim.

Frh.

## Með fordóma! Ég ? Frh.

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Þ Svavarsson

**Staðsetning:** Í fyrirtækjum, stofnunum eða félagasamtökum

**Hvenær:** Eftir samkomulagi

**Verð: 20.000 kr.**

## Verkefnastjórnun

Námskeiðið er grunnnámskeið í verkefnastjórnun og hentar fyrir alla sem taka þátt í verkefnum, stýra verkefnum eða vilja auka þekkingu sína á skipulögðum vinnubrögðum. Á námskeiðinu er fjallað um verkefni almennt og stjórnun verkefna frá upphafi til verkloka. Mikil áhersla er lögð á undirbúning verkefna og áætlanagerð, svo sem verkáætlun, tímaáætlun, áætlun um kostnað og fjármögnun. Þátttakendur fá þjálfun í að skilgreina verk og raða verkum, verkhlutum eða áföngum í skynsamlega tímaröð. Að námskeiðinu loknu eiga þátttakendur að þekkja til grunnatriða í verkefnastjórnun og eiga auðveldara með að takast á við fjölbreytt verkefni.

**Lengd:** 8 klukkustundir, 3 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Þátttakendur eiga að þekkja til grunnatriða í verkefnastjórnun og eiga auðveldara með að takast á við fjölbreytt verkefni

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Sigurður Steingrímsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagur 12. - 26. feb. kl. 16:00 – 19:00 nema síðasta skiptið en þá er kennt til kl. 18:00

**Verð: 16.000 kr.**

## Grunnámskeið Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð, sem er ætluð heyrandi fólki (bæði börnum og fullorðnum), sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða. TMT hefur einnig nýst vel fyrir börn með erlent móðurmál sem eru að aðlagast nýju málumhverfi. Jafnframt hefur TMT verið notað í auknu mæli til almennrar málörvunar fyrir ung börn bæði hér á landi og erlendis. Tákn með tali byggist á því að tákn, látbragð, svipbrigði og bendingar eru notuð á ákveðinn hátt samhliða tali. Tilgangurinn er m.a. að gera málumhverfið skýrara og auðvelda tjáningu. Bætt tjáning hefur jákvæð áhrif á hegðun og líðan og stuðlar að sterkari sjálfsmynd. Misjafnt er hvenær byrjað er að kenna tákn með tali en í mörgum tilvikum er það notað með börnum allt frá fæðingu.

Námskeiðið er ætlað þeim sem áhuga hafa á að kynna sér Tákn með tali tjáskiptaaðferðina og fjölbreytta notkun hennar. Sérstaklega á það við um foreldra, starfsfólk leikskóla, grunnskóla og annarra stofnana þar sem þörf er á skýru málumhverfi. Ástæður geta t.d. verið seinkaður málþroski, fötlun eða fjölmenningslegt málumhverfi. Að loknu námskeiði eiga þátttakendur að:

- þekkja hugmyndafræðina sem liggur að baki TMT
- hafa umtalsverðan táknafjölda á valdi sínu
- geta notað TMT í daglegu umhverfi
- geta verið sjálfstæðir í vinnubrögðum með TMT

Fjallað verður um hugmyndafræði TMT. Kennnd verða tákn sem nýtast í daglegu starfi með TMT-notendum á öllum aldri. Kynntar verða hugmyndir og leiðir til að örva tjáskipti með TMT. Gerðar verða æfingar og verkefni.

Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, kennslu tákna, æfingum og verkefnum. Áhersla er á virkni þátttakenda á námskeiðinu og að þeir deili með sér hugmyndum og verkefnum.

**Lengd:** 7 klukkustundir

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Sigrún Grendal Magnúsdóttir talmeinafræðingur

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudagur 17. jan. kl. 12:00 – 19:00

**Verð:** 23.000 kr.

## Ipad í kennslu – kennaranámskeið - grunnur

Ipad í kennslu er vinnustofa fyrir fyrstu skrefin í notkun á Ipad fyrir grunnskólakennara og/eða foreldra sem vilja kynnast notkun á Ipad í námi. Farið verður yfir helstu möguleika sem Ipad hefur upp á að bjóða fyrir grunnskóla, helstu aðgerðir á tækinu, öpp sem nýtast í skipulagningu, öpp sem nýtast í kennslu

Hægt er að koma klukkutíma fyrir námskeiðið og fá aðstoð við að setja upp “apple-id” og fá stuðning við almenna uppsetningu.

Námskeiðinu fylgir yfirlit yfir nokkur “öpp” sem nýtast vel í kennslu ásamt stuttri lýsingu á þeim.

**Lengd:** 2 klukkustundir

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Kennari frá SKEMA

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Mánudagur 14. jan. kl. 10:00 – 12:00

**Verð:** 7.000 kr.

## Ipad í sérkennslu

Ipad í sérkennslu er vinnustofa fyrir fyrstu skrefin í notkun á Ipad í sérkennslu fyrir grunnskólakennara og/eða foreldra. Farið verður yfir helstu möguleika sem Ipad hefur upp á að bjóða fyrir sérkennslu í grunnskóla, umfjöllun um notkun á Ipad í sérkennslu, öpp sem nýtast í sérkennslu Gert er ráð fyrir grunnþekkingu á notkun á Ipad og/eða að viðkomandi hafi setið námskeiðið *Ipad í kennslu - grunnur*.

Námskeiðinu fylgir yfirlit yfir nokkur “öpp” sem nýtast vel í sérkennslu ásamt stuttri lýsingu á þeim.

**Lengd:** 3 klukkustundir

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Kennari frá SKEMA

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudagur 15. jan. kl. 14:00 – 17:00

**Verð:** 10.000 kr.



## Gönguleiðsögn – örnámskeið

Námskeiðið er ætlað þeim sem taka að sér leiðsögn í styttri gönguferðum og hafa ekki sérstaka menntun sem leiðsögumenn. Námskeiðið er skipulagt sem gönguferð og þátttakendur mæta tilbúnir til dags gönguferðar. Á námskeiðinu er farið í helstu atriði við undirbúning gönguferða, val gönguleiða og göngubúnaðar, öryggisatriði, leiðsagnartækni o.fl. Leiðsögunám er kynnt.

**Lengd:** 5 klukkustundir

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Emil Björnsson svæðisleiðsögumaður

**Staðsetning:** Námsverið á Dalvík

**Hvenær:** Föstudagur 31. maí frá kl. 16:00 – 21:00

**Verð:** 11.000 kr.

## Í hársaman

Á námskeiðinu verður kennt að greiða ungum stelpum. Allir, sem mæta með dætrum sínum, fá tilsögn í að greiða hárs þeirra, flétta, gera fastarfléttur og fiskifléttur, setja hárið upp, setja í spennur og slaufur o.s.frv. allt eftir óskum.

**Lengd:** 2 klukkustundir

**Fræðsluaðili og staðsetning:**

Hárstofan Form, Borgarsíðu 12

**Kennari:** Helga Svava Arnarsdóttir

**Hvenær:** 23. mars kl. 10:00-12:00

**Verð:** 6.500 kr.

## Skrautskrift og tertuskreytingar

Á námskeiðinu eru kennd grunnatriði í skrautskrift, hvernig textar eru settir upp og hvernig má skreyta þá. Einnig verður farið í hvernig skrifa má á tertur og skreyta. Nemendur fá öll kennslugögn og penna.

**Lengd:** 10 klukkustundir

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Að nemandinn læri grunnatriði í skrautskrift

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Rúna Kristín Sigurðardóttir

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Helgarnámskeið - nánar auglýst síðar

**Verð:** 15.900 kr.

## Skyndihjálp

SÍMEY býður upp á námskeið í skyndihjálp í samstarfi við Rauða krossinn, Dalvíkurbyggð. Námskeið eru skipulögð miðað við þarfir hverju sinni s.s. fyrir stofnanir og vinnustaði.

**Umsjón:** Emil Björnsson leiðbeinandi í skyndihjálp

Leitið upplýsinga hjá **SÍMEY**

**Netfang:** [emil@simey.is](mailto:emil@simey.is)

**Sími:** 865 7571

## Ljósmyndirnar í tölvunni (Picasa)

Á námskeiðinu verður nemendum kennt að flokka og lagfæra myndirnar sínar í tölvunni. Laga lýsingu, taka burtu rauð augu, bólur og annað sem getur truflað okkur við fallega ljósmynd. Námskeiðið skiptist í tvo hluta. Fyrri þrjú tímarnir fara í að flokka myndir, merkja staðsetningu þeirra á kort, setja þær á internetið auk útprentunnar.

Seinni hlutinn fer í að lagfæra myndir hvort sem um galla er að ræða eða til að breyta þeim lítillega. Forritið sem stuðst er við er ókeypis og aðgengilegt á internetinu. Einn af kostum forritsins er að hægt er að merkja inn hverjir eru á hverri mynd og aðstoðar forritið við það og fer að þekkja þá sem eru á myndunum.

**Lengd:** 6 klukkustundir, 2 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra að vinna með ljósmyndirnar í tölvunni

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Vilberg Helgason

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Mánudagar, 4. mars og 11. mars kl. 19:00 – 22:00

**Verð:** 15.900 kr.

## Listar og stærri töflur í Excel

Excel er eins og sniðið til úrvinnslu langra lista, hvort sem er úr bókhaldi, félagatali eða hverju sem er. Kostir Excel koma best í ljós þegar lesa þarf gögn saman, t.d. ef það vantar staðarheiti fyrir aftan póstnúmer eða reikna þarf aldur og tug út frá kennitölu.

Á þessu námskeiði eru margskonar gögn tekin fyrir og unnið úr þeim og skila niðurstöður verkefnanna skemmtilegri tölfræði. Niðurstöður verða bæði fengnar með notkun Excel falla og Pivot venditaflna

**Lengd:** 12 klukkustundir, 4 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Að læra með lista og stærri töflur í Excel

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Vilberg Helgason

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Mánudagar 4. – 25. feb. kl. 19:00 – 22:00

**Verð:** 26.700 kr.

## Facebook námskeið fyrir byrjendur

Námskeiðið er hugsað fyrir fólk sem langar að kynna heimil samfélagssíðna. Farið er yfir helstu atriðin sem skipta máli þegar Facebook er notað. Hvernig maður kemur sér upp vinarhóp? Hvað skal varast? Hvað eru vírusar og hvað ekki ásamt mörgu fleiru? Námskeiðið hentar vel þeim sem lítið sem ekkert hafa komið við tölvur og/eða hafa nýlega fengið sér spjaldtölvu eða venjulega tölvu og langar að nýta sér hana til fylgjast með því hvað er að gerast í lífi ættingja og vina.

**Lengd:** 6 klukkustundir, 2 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra að vinna með Facebook

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Vilberg Helgason

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Mánudaga 18. – 25. mars kl. 19:00 – 22:00

**Verð:** 15.900 kr.

## Ebay – að versla á netinu

Þetta námskeið er fyrir þá sem langar að versla á Ebay. Farið verður í leitarmöguleika, hvað hægt er að versla og hvað ekki. Einnig hvaða greiðslumöguleikar eru í boði og hvað skal varast í þeim efnum. Á námskeiðinu verða aðrar vefverslanir kynntar, innlendir sem erlendir. Internetið getur verið frábær staður til verslunar, margt er ódýrara á netinu og þar er hægt að kaupa ýmsa hluti sem ómögulegt er að nálgast á Íslandi. Frímerkja- og peningasafnarar nýta sér Internetið mikið til að kaupa í söfnin sín af Ebay auk þeirra sem versla merkjavöru í barnafötum eða í raun hvað sem er.

**Lengd:** 6 klukkustundir, 2 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra að versla á netinu

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Vilberg Helgason

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Mánudaga 2. – 8. apríl kl. 19:00 – 22:00

**Verð:** 12.900 kr.

## Ipad fyrir byrjendur

Einstaklingsmiðað nám í rólegu andrúmslofti þar sem nemendur mæta með Ipad og er fylgt í gegn frá upphafi til enda. Byrjað er á að fara yfir allar stillingar sem nauðsynlegt er að vita af og velja hvernig Ipad notandinn vill hafa. Svo sem læsingar, stillingar til að sækja eða kaupa smáforrit á netinu, tenging við tölvupóst, Facebook o.fl., hvernig vista má lykilorð inn af vefsíðum, hvernig setja má öryggisnúmer inn, afritun o.fl. Seinna hluti námskeiðsins fer svo í að skoða þau fjölmörgu smáforrit sem eru í boði, innlend sem erlend auk þess sem kennt verður að tengja Ipad við iTunes og setja inn á hann tónlist, hljóðbækur, bækur o.fl.

**Lengd:** 6 klukkustundir, 2 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra á Ipad

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Vilberg Helgason

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Mánudaga 22. – 29. apríl kl. 19:00 – 22:00

**Verð:** 12.900 kr.

## Gott tölvunámskeið fyrir byrjendur

Gott námskeið fyrir þá sem vilja kynnast hinum ýmsu möguleikum tölvunnar. Á þessu námskeiði verður farið yfir möguleika Internetsins. Ýmsir gagnlegir og skemmtilegir vefir skoðaðir. Kennt verður hvernig leita má að upplýsingum á netinu og hvernig nota má netið til að þýða texta t.d. úr dagblöðum úr einu tungumáli yfir á annað. Jafnhliða verða kennd undirstöðuatriði í uppsetningu texta í ritvinnslu. Mismunandi möguleikar á útprentun af netinu kenndir.

**Lengd:** 15 klukkustundir, 4 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra á tölvu frá grunni

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Kristinsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Miðvikudaga 6. – 27. feb. kl. 17:00 – 21:00. Síðasta skiptið er kennt til kl. 20:00

**Verð:** 32.000 kr.

## Tölvunámskeið fyrir 60 ára og eldri

Þetta námskeið er ætlað öllum þeim sem vilja læra á tölvu frá grunni. Kennt verður á lyklaborð tölvunnar, Internetið kynnt með áherslu á lestur blaða bæði nýrra og gamla og sýnt verður hvernig tölvupóstur virkar.

**Lengd:** 12 klukkustundir, 6 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra á tölvu frá grunni

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Kristinsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Miðvikudaga 20. feb. – 26. mars kl. 10:00 – 12:00

**Verð:** 26.900 kr.

## Excel fyrir byrjendur

Farið er í uppbyggingu töflureikna og áhersla lögð á verkefnavinnu. Uppsetning og viðhald einfaldra reiknilíkana ásamt útlitsmótun er kennd sem og mismunandi möguleikar á útprentun.

**Lengd:** 12 klukkustundir, 4 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra grunnatriði í Excel

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Kristinsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudaga 5. – 26. mars kl. 16:00 – 19:00

**Verð:** 26.900 kr.

## Word ritvinnsla fyrir byrjendur

Þetta námskeið er ætlað þeim sem vilja tileinka sér þetta öfluga ritvinnsluforrit. Farið verður yfir grunnþætti varðandi uppsetningu texta og hvernig breyta má bæði útliti og staðsetningu hans. Farið verður í hvernig myndir eru sóttar og þær staðsettar í textanum eftir óskum notenda. Mismunandi möguleikar á útprentun kenndir

**Lengd:** 12 klukkustundir, 4 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra grunnatriði í Word

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Kristinsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudaga 28. feb.- 21. mars

kl. 16:00 -19:00

**Verð: 26.900 kr.**

## Eru myndirnar þínar í öruggri geymslu?

Á þessu námskeiði er nemendum kennt hvernig varðveita skuli ljósmyndir á öruggan hátt. Farið verður yfir þá möguleika sem í boði eru til afritunar og kennd notkun þeirra. Með tilkomu rafrænna ljósmynda eykst allaf háttan á því þar sem tölvur bila af völdum vélbúnaðar, vírusa o.þ.h. og ljósmyndir að þær tapist. Einnig kemur fyrir að tölvum er hreinlega stolið og þá er gott að eiga afrit af ljósmyndum og því sem okkur er annt um.

**Lengd:** 4 klukkustundir, 2 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra að geyma ljósmyndir á öruggan hátt

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Kristinsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Fimmtudaga 4. – 11. apríl kl. 17:00 – 19:00

**Verð: 12.000 kr.**

## Uppsetning á lengri texta t.d. ritgerðum og skýrslum

Þetta námskeið er ætlað þeim sem hafa nokkra reynslu af því að vinna í Word og vilja nýta sér eiginleika forritsins til að setja upp ritgerðir á skjótan og einfaldan hátt. Kennst verður: Page Break, Section Break, Column Break. Hvernig Sectionir eru forsenda mismunandi uppsetninga á skjali svo sem eins og Portrait, Landscape, mismunandi blaðsíðutal og ólíkir síðuhlutar.

**Lengd:** 6 klukkustundir, 3 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra að setja upp ritgerðir og skýrslur

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Kristinsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudaga 14.– 28. maí kl. 17:00 – 20:00

**Verð: 15.900 kr.**

## Open Office grunnnámskeið

Open Office eru forrit sem nálgast má endurgjaldslaust á Internetinu. Á þessu námskeiði verður farið í grunnatriði á Writer (ritvinnsla). Farið verður yfir grunnþætti varðandi uppsetningu texta og hvernig breyta má bæði útliti og staðsetningu hans. Þá verður útprentun kennd. Einnig er farið í grunnatriði á Calc (töflureiknir). Kennst er uppsetning og viðhald einfaldra reiknilíkana ásamt útlitsmótun. Mismunandi möguleikar á útprentun kenndir.

**Lengd:** 12 klukkustundir, 4 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmarkmið:** Læra á Open Office hugbúnaðinn

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Helgi Kristinsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudaga 9. – 30. apríl kl. 16:00 – 19:00

**Verð: 26.900 kr.**

## Alvöru bókhaldsnámskeið

Markmið okkar með Alvöru Bókhaldsnámskeiðinu er að veita nemendum góða þekkingu og þjálfun í ýmsum verkefnum sem koma fyrir í nútíma bókhaldsvinnu. Þannig verða þeir ekki aðeins færir um að mæta breyttum kröfum síðustu ára heldur geta einnig tekið virkan þátt í þeim nýjungum sem framundan eru.

Til að ná þessu marki höfum við lagt sérstaka áherslu á:

1. Að námsefnið sé raunhæft
2. Að kennarar hafi góð tengsl við atvinnulífið
3. Að faglegum og nútímalegum vinnubrögðum sé beitt við námið

Námsefnið er samfelld röð raunverulegra fylgiskjala og speglar þar af leiðandi eingöngu raunverulega atburði og færslur, að skattframtali. Eftir merkingu fylgiskjalanna eru þau tölvufærð.

Bókhaldsnámskeiðið er ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem vinna við bókhald. Á námskeiðinu fá nemendur innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu.

Markmið námskeiðsins er að nemendur:

- Fá góðan skilning á helstu hugtökum fjárhagsbókhalds
  - Verði færir um að merkja og flokka öll algeng fylgiskjöl t.d. vörukaup, húsaleigu, símkostnað, þjónustugjöld banka og FIT-kostnað
  - Verði færir um að vinna ýmsar upplýsingar úr bókhaldskerfinu
  - Kunni skil á sjóðbókarfærslum
  - Læri að ganga frá uppgjöri og skilum virðisaukaskatts
  - Læri undirstöðuatriði launaútreiknings og færslur hans í dagbók
  - Læri að stemma af dagbókarlykla eftir hreyfingalistum og færa nauðsynlegar leiðréttingar
  - Geti undirbúið uppgjör fyrirtækis
  - Tileinki sér fagleg vinnubrögð við bókhald
- Að námi loknu eiga þátttakendur að vera mjög vel færir um að sjá um bókhald smærri fyrirtækja.

**Lengd:** 75 klukkustundir, 25 skipti

**Forkröfur náms:** Engar

**Námsmat:** Munnleg endurgjöf frá kennara

**Kennari:** Óskar Steingrímsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Hvenær:** Þriðjudaga og fimmtudaga 5.feb. - 7. maí kl. 19:00 – 22:00

**Verð:** 129.500 kr.

Nánari upplýsingar gefur Helgi Kristinsson í síma 896-5383

## Stutt starfstengd námskeið í boði fyrir fyrirtæki

**Hópefli**

(60 mín)

**Verð:** 21.000 kr.

**Einelti/ áreitni á vinnustað**

(90 mín)

**Verð:** 38.500 kr.

**Tímastjórnun**

(60 mín)

**Verð:** 16.000 kr.

**Að sigra tölvupóstinn**

(120 mín)

**Verð:** 32.500 kr.

**Móttaka nýliða**

(90 mín)

**Verð:** 48.500 kr.

**Vinnuumhverfi-heilsa-lífstíll**

(60 mín)

**Verð:** 20.000 kr.

**Eflum starfsánægju og jákvæðni á vinnustaðnum**

(90 mín)

**Verð:** 20.000 kr.

**Fordómafræðsla**

(90 mín)

**Verð:** 16.000 kr.

**Að takast á við breytingar**

(90 mín)

**Verð:** 48.500 kr.

**Ávinningur af stefnumótun**

(60 mín)

**Verð:** 38.500 kr.

**Að ná árangri með valddreifingu**

(60 mín)

**Verð:** 38.500 kr.

Frh.

## Stutt starfstengd námskeið í boði fyrir fyrirtæki Frh.

Réttur maður á réttum stað!  
Hver erum við sem vinnustaður?

(90 mín)

Verð: 20.000 kr.

Áhugahvetjandi samtalstækni

(60 mín)

Verð: 38.500 kr.

Hvatningarstjórnun

(60 mín)

Verð: 38.500 kr.

Þinn vinnustaður getur pantað hvern sem er af ofangreindum fyrirlestrum. Við aðlögum efnið að vinnustaðnum ykkar. Staður og tímasetning er samkomulagsatriði. T.d. er hægt að hafa þetta í hádegi eða á öðrum þeim tíma sem hentar.

Hafið samband í síma 460 5720 eða með tölvupósti á netfangið [simey@simey.is](mailto:simey@simey.is)

Hafðu samband við okkur og við aðstoðum þig við að finna hvað hentar best þér að kostnaðarlausu. Við aðstoðum einnig fyrirtæki við að finna styrki og leita möguleika varðandi fjármögnun sí- og endurmenntunar/starfstengdrar þjálfunar innan fyrirtækis.

## Námskeið

Í samstarfi við Iðuna fræðslusetur

Skráning fer fram á vef Iðunnar [www.idan.is/akureyri](http://www.idan.is/akureyri)

## Vínfræði I

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu fagfólks á vínnum, um víngerð, þrúgur, lönd og héruð og para saman vín og mat. Þjálfuð er hæfni í sjálfstæðum og faglegum vinnubrögðum við framreiðslu á vínnum. Námskeiðið er unnið í samstarfi við Vínskólann.

**Kennari:** Dominique Plédel Jónsson

**Staðsetning:** Icelandair hótel Akureyri

**Tími:** Mánudagur 28. og þriðjudagur 29. jan. kl. 15:00 – 18:00

**Fullt verð:** 29.800 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 11.500 kr.**

## Kjötmat

Markmið námskeiðsins er að efla þekkingu þátttakenda á flokkun skrokka eftir holdfyllingu og fitu. Fjallað er um kjötmat og forsendur verðlagningar og viðskipta með kjöt. Sýnikennsla og skoðun á kjötskrokkum í sláturhúsi B. Jensen.

**Kennari:** Stefán Vilhjálmsson, fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun

**Staðsetning:** Sláturhús B. Jensen á Akureyri

**Tími:** Miðvikudagur 30. jan. kl. 15:00 – 21:00

**Fullt verð:** 18.900 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 8.900 kr.**

## Þjónusta og sala í bakaríum

Markmið námskeiðsins er að gefa þátttakendum tækifæri til að auka þekkingu og leikni sína á uppstillingu á vörum í bakaríum og söluaðferðum sem hafa gefið góða raun.

**Kennari:** Hallgrímur Sæmundsson

**Staðsetning:** VMA

**Tími:** Laugardagur 2. feb. kl. 10:00 – 14:00

**Fullt verð:** 12.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 6.000 kr.**

## Bilanagreining

Þátttakendur þjálfra leikni sína í skipulagi og framkvæmd bilanagreininga á árangursríkan hátt, með greiningatækjum. Þar kemur Halldór I. Hauksson sterkur inn og ætlar að leiða ykkur um frumskóga aflestratækjanna. Oft er bara hægt að nota AVO mælinn til að leysa hinar flóknustu bilanir.

**Kennarar:** Kristján M. Gunnarsson og Halldór I. Hauksson

**Staðsetning:** Bílgreinahúsið Akureyri

**Tími:** Föstudagur 1. og laugardagur  
2. feb. kl. 9:00 – 17:00

**Fullt verð:** 48.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 19.500 kr.**

## Brunabéttingar

Þetta námskeið er fyrir alla sem koma að byggingaframkvæmdum. Markmið þess er að þátttakendur kunnir skil á reglum um brunabéttingar og efnum sem notuð eru til þeirra. Í lok námskeiðs er tekið stutt próf og þátttakendur fá viðurkenningu frá Mannvirkjastofnun sem er samstarfsaðili um námskeiðið.

**Kennari:** Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Tími:** Fimmtudagur 31. jan. kl. 13:00 – 18:00

**Fullt verð:** 20.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 4.000 kr.**

## Cabas framhaldsnámskeið

Á CABAS framhaldsnámskeiði er markmiðið að fara sérstaklega yfir túlkanir kerfisins til að gera nákvæmt CABAS tjónamat og tína upp „týndu einingarnar“. Námskeiðið er ætlað fagmenntuðum einstaklingum innan bílgreinarinnar er lokið hafa grunnnámskeiði CABAS. Í lok námskeiðsins gera þátttakendur sitt eigið stöðumat.

**Kennari:** Jóhann Þór Halldórsson

**Staðsetning:** Bílgreinahús VMA

**Tími:** Miðvikudagur 30. jan. kl. 8:30 – 16:00

**Fullt verð:** 45.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 19.500 kr.**

## Varmadælur

Varmadælur geta sparað verulegan kostnað við kyndingu húsa á köldum svæðum. Á þessu námskeiði er í boði að afla sér þekkingar á varmadælum og notkun þeirra í byggingum. Farið í uppbyggingu og gerðir varmadæla, tengingar, stillingar og lokafrágang. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Orkusetun og Verklagnir ehf.

**Kennarar:** Sigurður Friðleifsson frá Orkusetri. Þór Gunnarsson tæknifræðingur frá Ferli. Gunnlaugur Jóhannsson pípulagningameistari. Pétur Kristjánsson pípulagningameistari

**Staðsetning:** VMA

**Tími:** Föstudagur 1. feb. kl. 13:00 – 18:00

**Fullt verð:** 15.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 3.000 kr.**

## Litun, klipping og greiðslur

Hér sýna fagmennimir Nonni Quest og Lena Magnúsdóttir það heitasta í hártískunni fyrir vor og sumar 2013. Nonna þarf vart að kynna. Hann rekur eigið fyrirtæki og hefur góða reynslu í kennslu hérlendis sem og erlendis. Lena mun sýna nýja tækni í greiðslum sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Skemmtileg, spennandi og fræðandi kvöldstund.

**Kennarar:** Nonni Quest frá Krista Quest og Lena Magnúsdóttir frá Eplinu

**Staðsetning:** Hársnyrtideild VMA

**Tími:** Þriðjudagur 29. jan. kl. 18:00 – 20:00

**Fullt verð:** 9.900 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 3.900 kr.**

## InDesign fyrir iPad og Kindle

Með InDesign er hægt að brjóta um einfaldar rafbækur. Þú þarft bara að kunna á InDesign og hafa grunnskilning á umbroti fyrir rafbækur. Á þessu tveggja daga námskeiði verður farið í gegnum það sem InDesign getur gert fyrir rafbækur og þú nærð þér í góðan grunn fyrir framtíðina.

**Kennari:** Sigurður Ármannsson

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Tími:** Miðvikudagur 30. og fimmtudagur 31. jan. kl. 16:00-22:00

**Fullt verð:** 35.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 8.750 kr.**

## Veflausnir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Fræðslufundur þar sem fjallað verður um þá fjölbreyttu kosti sem bjóðast fyrirtækjum sem hafa hug á því að setja upp eða endurnýja eigin vef. Leitast verður við að svara algengum spurningum eins og t.d. hvað kostar að setja upp og viðhalda vef? Hvaða vefumsjónarkerfi eru í boði? Er opinn hugbúnaður góður kostur?

**Kennari:** Sigurður Fjalar Jónsson

**Staðsetning:** Skipagata 14

**Tími:** Mánudagur 28. jan. kl. 13:00 – 15:00  
Þessi fundur er þátttakendum að kostnaðarlausu.

## Tölvuleikjagerð með Unity 3D

Hér verður kynning á forritinu Unity 3D sem hefur opnað nýjan heim í gerð tölvuleikja. Unity 3D hefur einfalt og skýrt viðmót, innbyggð töl og auðvelt forritunarmál til að fá virknina sem óskað er eftir. Markmiðið er að þú lærir á umhverfi forritsins og skiljir virkni þess.

**Kennari:** Berglind Káradóttir

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Tími:** Föstudagur 1. feb. kl. 9:00-16:00

**Fullt verð:** 29.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 7.250 kr.**

## AutoCAD Electrical 2014 Essentials® (IEC Standard) Grunnur

Fyrir nýja notendur sem þurfa undirstöðupjálfun í AutoCAD Electrical. Allar æfingar og hjálpargögn byggja á IEC.

**Kennari:** Sigurgeir Þorleifsson, rafmagnstæknifræðingur

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Tími:** Þriðjudagur 29. og miðvikudagur 30. jan. kl. 08:30 – 17:30

**Fullt verð:** 90.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 40.000 kr.**

IÐAN er ATC (Authorized Training Center) fyrir Autodesk.

## Myndskreytingar og hönnun

Hér færðu orkuskot í hugmyndavinnu, hugarflæði og innblástur til að vinna úr hugmyndum. Skoðuð verða ný sjónarhorn á hönnun og myndskreytingar og þátttakendur fá tækifæri til að ná tengslum við myndheiminn með því að læra um sjónrænu dagbókina, taka hressilegar rispur á blýantinum, fara í gegnum tákn, íróaníu, húnor og myndhverfingar og æfa sig í að koma merkingu texta á framfæri með myndum.

**Kennari:** Kristín Ragna Gunnarsdóttir

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Tími:** Mánudagur 28. jan. og þriðjudagur 29. jan. kl. 13:00-22:00

**Fullt verð:** 35.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 8.750 kr.**

## Autodesk Revit Architecture 2014 grunnnámskeið „Essentials“

Á þessu námskeiði er farið í gegnum grunninn í Revit Architecture 2014. Kennst verður það sem þú þarft að vita til að komast af stað, hvernig best er að nota viðmótið, búa til grunnmyndir, bæta við innihaldi í módelið, hvernig á að málsetja og margt fleira. Kynnt verða „tips og tricks“ sem kennarinn með reynslu sinni hefur lært og komist að.

**Kennari:** Áslaug Elísa Guðmundsdóttir byggingafræðingur

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Tími:** Fimmtudagur 31. jan. og föstudagur 1. feb. kl. 08:30 – 17:30

**Fullt verð:** 80.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 40.000 kr.**

IÐAN er ATC (Authorized Training Center) fyrir Autodesk



## Óskaðlegar prófanir NDT

Farið verður yfir sjónskoðanir, hljóðbylgjuprófanir, vökvadreyfni og segulagnaprófanir, helstu kosti, galla og takmarkanir hvernar aðferðar fyrir sig. Þátttakendur prófa sjálfir hinar mismunandi aðferðir.

**Kennarar:** Kristján Kristjánsson iðnaðartæknifræðingur og Gústaf Adólf Hjaltason véltæknifræðingur

**Staðsetning:** VMA

**Tími:** Miðvikudagur 30. jan. kl. 08:30 – 17:30

**Fullt verð:** 80.000 kr.

**Verð til aðila IÐUNNAR: 20.000 kr.**

## Kynning á iðn- og verknámi fyrir efstu bekki grunnskólanna

Kynning verður á iðn- og verknámi fyrir nemendur í 9. og 10. bekk og foreldra þeirra föstudaginn 1. febrúar í VMA kl. 13.00 – 15.00. Á staðnum verða fulltrúar frá IÐUNNI fræðslusetri og fyrirtækjum í iðnaði. Nemendur og foreldrar fá hér frábært tækifæri til að kynna sér á einum stað fjölbreytt iðn- og verknám.

## Autodesk forritin kynning

Kynnt verða helstu forrit frá Autodesk og þeir notkunarmöguleikar sem þau búa yfir.

**Fyrirlesari:** Finnur Fróðason, framkvæmdastjóri CAD ehf.

**Staðsetning:** SÍMEY Þórsstíg 4

**Tími:** Mánudagur 28. jan. kl. 9:00 – 16:00

Þessi kynning er þátttakendum að kostnaðarlausu

## Upplýsingatækni með ungum börnum

Í samstarfi við Félag náms- og starfsráðgjafa. Á námskeiðinu er fjallað um þætti, aðstæður og leiðir sem hafa jákvæð áhrif á hegðun fólks. Sérstök áhersla er lögð á áhugahvetjandi samtal (Motivational Interviewing) og félagslega markaðsfærslu (Social Marketing), en einnig verður farið yfir kenningar, líkön og gagnreyndar aðferðir.

**Hvenær:** 25. feb.

Skráningarfrestur er til 11. feb. 2013

**Skráning fer fram á vef Endurmenntunar**

**Háskóla Íslands [www.endurmenntun.is](http://www.endurmenntun.is)**

## Málmsuða. Hvað er nýjast?

Farið verður yfir helstu nýngar í málmsuðu og staðla. Fyrirtæki sem þess óska verða heimsótt og farið yfir málin með þeim.

**Kennari:** Gústaf Adólf Hjaltason, véltæknifræðingur og IWE

**Staðsetning:** VMA

**Tími:** Þriðjudagur 29. janúar kl. 13:00 – 16:00

Þetta námskeið er þátttakendum að kostnaðarlausu

## Raunfærnimat á Akureyri

Kynningarfundur vegna raunfærnimats verður hjá SÍMEY miðvikudaginn 30. janúar, kl. 17:00. Raunfærnimat er fyrir einstaklinga sem eru 25 ára og eldri og hafa unnið í sínu fagi í 5 ár eða lengur. Raunfærnimat hjálpar einstaklingum að ljúka námi sínu.

Allir eru velkomnir á kynningarfundinn.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu SÍMEY á  
**[www.simey.is](http://www.simey.is)**

